



# NÁMSKRÁ

## ÍSLENSK MENNING OG SAMFÉLAG

 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS  
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI





**Nafn námskrár:**

Íslensk menning og samfélag.

Námskrá númer 18-253-2-200.

**Vinnustundir námsmanns:**

200 klukkustundir.

**Hverjum ætlað:**

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldri en 20 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

**Fjöldi eininga:**

Allt að 10 framhaldsskólaeiningar.

**Útgefandi:**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

1. útgáfa, 2018.

## Efnisyfirlit

Námskrá .....	1
Skipulag .....	2
Hæfniviðmið náms .....	2
Námsmat .....	3
Frjálst val .....	3
Námsþættir .....	4
Íslenskt mál.....	5
Atvinnulíf .....	6
Menning og samfélag .....	8
Upplýsingatækni.....	10
Færnimappa og námstækni.....	11
Sjálfsþing og samskipti .....	13
Viðaukar .....	15
Hæfnipættir námsþátta.....	16
Færnimappa og / eða verkdagbók .....	22

## Námskrá

Námskráin Íslensk menning og samfélag lýsir námi á 1. og 2. þrepi sem skiptist í sjö námsþætti. Tilgangur námsins er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnu-  
markaði og samfélagi. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt mál, menningu, samfélag og  
atvinnulíf ásamt því að byggja upp sjálfstraust og samskiptafærni. Námið fer fram á íslensku.

Heildarlengd námsins er 200 klukkustundir. Námið jafngildir 10 einingum á framhaldsskóla-  
stigi.

## Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum námsmönnum. Æskilegt er að leiðbeinendur hafi í huga alla námsþætti námskrárinnar til að tryggja enn frekar samþættingu námsþátta og leitist við að nota raunveruleg viðfangsefni. Framsetning námsefnis þarf að taka mið af reynslu námsmanna og leiðbeinendur þurfa að vera hugmyndaríkir og skapandi þegar kemur að samþættingu námsþátta með áherslu á að tengja sem flesta námsþætti við íslenskt mál og málnotkun. Námið fer að miklu leyti fram með umræðum og verkefnavinnu þar sem námsmenn afla sér upplýsinga, svo sem á Netinu, í fjölmiðlum og hjá stofnunum. Fréttir, dægurmál og atvik úr lífi og starfi námsmanna eiga að njóta forgangs fram yfir hefðbundið námsefni. Heimavinna fylgir náminu en getur verið mismikil eftir námsþáttum og einstaklingum.

Leiðbeinendur tala íslensku. Ef brýn þörf er á, skýra þeir mál sitt á öðru tungumáli sem hentar námsmannahópnum.

## Hæfniviðmið náms

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnstoðum samfélagsins á Íslandi.
- Íslenskri menningu og sögu.
- Íslensku atvinnulífi og vinnuumhverfi.
- Menntunarmöguleikum á Íslandi og mikilvægi símenntunar sem lið í aðlögun fyrir innflytjendur.
- Gagnlegum aðferðum í samskiptum.
- Starfsemi stéttarféлага, réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Tjá sig á íslensku.
- Finna hagnýtar upplýsingar um íslenskt samfélag.
- Nýta sér opinbera þjónustu í samfélaginu.
- Taka þátt í uppbyggilegum samskiptum.

Námsmaður skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vera virkur þátttakandi í samfélaginu.
- Nýta sér opinbera þjónustu í samfélaginu.
- Geta nýtt sér upplýsingar um samfélög, búsetu, íslenska tungu og menningu.
- Geta nýtt sér þjónustu og stuðning sem boðið er upp á í samfélaginu.
- Miðla hagnýtum upplýsingum um íslenskt samfélag.

## Námsmat

Námsrángur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferð/um sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig námsmönnum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfesting á námsrángri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

## Frjálst val

Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang þess. Breytingar, sem nema meira en 10% eru aðeins heimilaðar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Heildarnámstími námskrárinnar Íslensk menning og samfélag er 200 klukkustundir af þeim tíma er gert ráð fyrir 20 klukkustundum í val. Fræðsluaðili og námsmenn ráðstafa þessum tíma að teknu tilliti til þarfa námsmanna hverju sinni eða notar til að auka vægi einstakra námsþátta. Tilgangur námsþáttarins er að styrkja námsmannahópinn sem heild eða koma til móts við þarfir þeirra einstaklinganna sem stunda námið. Einnig getur verið um að ræða val út frá einstaklingsbundnu áhugasviði eða út frá námsframboði hjá fræðsluaðila. Fræðsluaðila er heimilt að meta inn í frjálst val nám frá öðrum fræðsluaðilum eða skólum. Dæmi um valgreinar: Frumkvöðlafræði, heilsuefning, íþróttir, leiklist, skapandi hugmyndavinna, verkgreinar.



## Námsþættir

Nafn námsþáttar	Skammstöfun	Klst. heild	Klst. með leiðbein.	Klst. án leiðbein.	Prep
<i>Íslenskt mál</i>	F-ÍSLE1LU	60	30	30	1
<i>Atvinnulíf</i>	F-VIVI2VA	24	16	8	2
<i>Menning og samfélag</i>	F-SMFÉ2OP	36	24	12	2
<i>Upplýsingatækni</i>	F-UPPT2AF	20	12	8	2
<i>Færimappa og námstækni</i>	F-NÁTÆ2MP	20	12	8	2
<i>Sjálfsþing og samskipti</i>	F-SASK2SH	20	12	8	2
<b>Vinnuframlag námsmanns</b>		<b>180</b>			

## Íslenskt mál

<b>Prep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	60
<b>Námsgrein</b>	Íslenska
<b>Viðfangsefni</b>	Lestur, málfræði, ritun

### Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að námsmenn auki færni sína í að lesa, skilja, tala og skrifa á íslensku. Megináhersla er lögð á talað mál og tjáningu á hagnýtan hátt bæði í samskiptum og frásögn, þannig að námið nýtist námsmönnum í daglegu lífi á Íslandi. Fjallað er um íslenskt þjóðlíf og áhersla lögð á að fylgjast með umræðu í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, fanga málefni líðandi stundar og tengja umfjöllunina við reynslu og áhugasvið námsmanna.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í talmáli og ritmáli.
- Mismunandi tegundum af texta og undirstöðuatriðum í upplestri.
- Algengu myndmáli og líkingamáli.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa stutt hagnýtt efni og tjá sig um það.
- Taka þátt í samræðum, bregðast við og eiga frumkvæði í samskiptum.
- Kynna viðfangsefni, víkja frá undirbúnum texta og svara spurningum.
- Skrifa skýran og skiljanlegan texta.
- Skilja venjulegt talað mál.
- Nota íslenskar málfræðireglur við ritun.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka þátt í umræðum um málefni líðandi stundar.
- Nota íslenska tungu á hagnýtan hátt í daglegu lífi.
- Öðlast aukinn orðaforða á íslensku.

### Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir í samræmi við viðfangsefni námsþáttarins hverju sinni. Til dæmis má nota gátlista úr Tungumálamöppunni til grundvallar á mati á hæfni í íslensku.



## Atvinnulíf

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	24
<b>Námsgrein</b>	<b>Vinna og vinnumarkaður</b>
<b>Viðfangsefni</b>	<b>Vinnumarkaður, atvinnulíf, réttindi og skyldur</b>

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla skilning námsmanna á íslensku atvinnulífi og vinnuumhverfi. Höfuðáhersla er lögð á starfsmannamál, vinnulöggjöf, vinnuvernd, almannatryggingar, öryggismál og skattaumhverfið. Fjallað er um skipulag og verkferla sem almennt tíðkast á vinnustöðum og um réttindi og skyldur á vinnumarkaði í þeim tilgangi að styrkja starfshæfni námsmanna af erlendum uppruna. Rætt er um hlutverk trúnaðarmanna, stéttarféлага og vinnumiðlana og um algeng hugtök sem notuð eru í umræðu um laun og kjör svo sem iðgjald, orlof og persónuafslátt. Einnig er fjallað um atriði sem fjölskyldufólk á vinnumarkaði þarf að hafa í huga svo sem húsnæðismál, bifreiðar, tryggingar, barnagæslu, fæðingarorlof og barnabætur. Réttindi innflytjenda sem koma til starfa á Íslandi eru kynnt og það sem þarf að gera til að fá dvalarleyfi, atvinnuleyfi og ríkisborgararétt.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Íslenskum vinnumarkaði.
- Réttindum og skyldum launafólks.
- Uppbyggingu launaseðla og skattskýrslu.
- Ýmsum atvinnutengdum hugtökum.
- Starfsemi stéttarféлага.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna eftir verkferlum og fylgja reglum á vinnustað.
- Fara eftir starfsreglum og siðareglum vinnustaðar.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tileinka sér skipulögð vinnubrögð og jákvætt viðhorf til starfa.
- Afla sér upplýsinga um launakerfi og kjaramál.
- Aðlagast reglum á íslenskum vinnumarkaði.
- Skilja íslenskt vinnuumhverfi og velja hvert á að leita eftir aðstoð vegna vinnumarkaðsmála.

## Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir í samræmi við viðfangsefni námsþáttarins hverju sinni. Viðmið fyrir eftirfarandi hæfnipætti í skilgreiningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á almennri starfshæfni á 2. þrepi má leggja til grundvallar við námsmat: Skipulag og áætlanir, Öryggisvitund, Vinnusiðferði og gildi og Starfsþróun og færniefling. Einnig má hafa til hliðsjónar hæfnipættina: Að vinna að lausnum, Frumkvæði, Gæðavitund, Natni og nákvæmni og Skilningur á starfseminni.

## Menning og samfélag

Prep	2
Vinnustundir	36
Námsgrein	Samfélagsfræði
Viðfangsefni	Opinber þjónusta, menning, samfélag

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla skilning námsmanna á samfélaginu sem þeir búa í og auka þekkingu þeirra og skilning á helstu einkennum íslenskrar menningar. Áhersla er lögð á að kynna þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga svo sem skólaþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Fjallað er um fjölbreytileika mannlífs, staðalmyndir, fordóma, mismunun, ólíka menningarhópa og áhrif þessara þátta á samskipti, almenn lífsgæði og framandi venjur í nýju landi. Námsmenn kynnast jafnframt sögu og landnámi Íslands og fjallað er um pólitískt umhverfi á Íslandi. Fjallað um samfélagslega ábyrgð, umhverfismál og umhverfisvitund.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þjónustu ríkis og sveitarfélaga og helstu stofnunum þess.
- Grunnþáttum íslenskra stjórn mála.
- Skilja samfélagsuppbyggingu og menningu á Íslandi.
- Helstu frídögum, hátíðum og helgidögum á Íslandi og hefðum tengdum þeim.
- Helstu söfnum og á svæðinu.
- Hugtökunum lýðræði og þingræði og hlutverki Alþingis.
- Íslenska menntakerfinu og skólastigum.
- Hugtakinu fjölmening.
- Samfélagslegri ábyrgð og því sem felst í hugtakinu.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota grunnþjónustu í samfélaginu eftir því sem við á.
- Eiga samskipti við opinberar stofnanir og vita hvar þær er að finna.
- Taka þátt í menningarstarfi.
- Taka upplýstar ákvarðanir út frá umhverfisvitund.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Bera virðingu fyrir umhverfi, náttúru og sérstöðu landsins.
- Geta leitað upplýsinga og aðstoðar vegna grunnþjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga.
- Vera virkur þátttakandi í samfélaginu.
- Vera meðvitaður um samfélagslega ábyrgð með því að meta rök og taka ábyrga afstöðu.

## Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir í samræmi við viðfangsefni námsþáttarins hverju sinni. Viðmið fyrir eftirfarandi hæfnipætti í skilgreiningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á almennri starfshæfni á 2. þrepi má leggja til grundvallar við námsmat: Aðlögunarhæfni, Ábyrg nýting, Jafnréttisvitund, Mat og lausnir, Söfnun og úrvinnsla upplýsinga. Einnig má hafa til hliðsjónar hæfnipáttinn Fjölmenningaræfni.

## Upplýsingatækni

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	20
<b>Námsgrein</b>	<b>Upplýsingatækni</b>
<b>Viðfangsefni</b>	<b>Algeng forrit, hjálpartæki, samfélagsmiðlar, vefsíður</b>

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að auka færni námsmanna í að nota algeng tölvuforrit sem hjálpartæki í námi svo sem ritvinnslu, töflureikni og kynningarforrit. Notuð eru ýmis forrit sem stutt geta við tungumálanám svo sem þýðingarforrit, stafsetningarforrit og málfræðiforrit. Þjálfuð er ritvinnsla, útlitsmótun, heimildaleit á netinu og notkun rafrænna samskiptamiðla.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu forritum sem notuð eru sem hjálpartæki í námi.
- Upplýsingaleit á íslenskum vefsíðum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota nokkrar algengar aðgerðir forrita.
- Nota íslenskar vefsíður við heimildaleit.
- Nota tölvur sem hjálpartæki við tungumálanám.
- Nota samfélagsmiðla til að styrkja samskipti og tengsl.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna með upplýsingar sem aflað er á íslenskum vefsíðum og samfélagsmiðlum.
- Nota upplýsingatækni til að vinna úr upplýsingum og nota þær við nýjar aðstæður.

### Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir í samræmi við viðfangsefni námsþáttarins. Lögð er áhersla á að samþætta þennan námsþátt við aðra námsþætti.

## Færnimappa og námstækni

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	20
<b>Námsgrein</b>	<b>Námstækni</b>
<b>Viðfangsefni</b>	<b>Mat á þekkingu og reynslu, markmið, námsaðferðir, skráning upplýsinga</b>

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla skilning námsmanna á möguleikum til náms hér á landi og þeim atvinnutækifærum sem standa þeim til boða. Tilgangurinn er jafnframt að námsmenn tileinki sér jákvætt viðhorf til vinnu og til náms. Námsmenn þjálfast í setja sér markmið og skrá upplýsingar um áhugasvið, hæfni, reynslu, gildismat og þekkingu. Fjallað er um ferli við atvinnuleit og möguleika til náms. Námsmenn skoða eigin færni í tengslum við almenna starfshæfni, eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Kynntar eru mismunandi aðferðir við námstækni, til dæmis minnistækni og glósutækni og fjallað er um mikilvægi samvinnu í námi og um ólíkar námsaðferðir.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Atriðum sem þarf að hafa í huga við náms- og starfsval á Íslandi. Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:
- Leiðum til að þróa starfsvettvang sinn.
- Möguleikum sem standa honum til boða þar sem hæfni hans nýtist sem best.
- Mikilvægi símenntunar og færniuppbyggingar.
- Mikilvægi góðrar ferilsskrár þegar sótt er um starf eða nám.
- Mismunandi námstækni og námsaðferðum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Lýsa færni, áhugamálum, menntun og reynslu.
- Safna gögnum um reynslu og færni sem skráð er í færnimöppu.
- Vinna skipulega, setja markmið og meta framvindu.
- Laga sig að aðstæðum sem upp koma í námi og starfi.
- Vinna sjálfstætt eftir skilgreindri námsáætlun og gera nauðsynlegar breytingar ef þess gerist þörf.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tileinka sér skipulögð vinnubrögð.
- Þróa eigin starfshæfni út frá mati á eigin hæfni.
- Bera saman námstækifæri með tilliti til eigin þarfa.
- Beita námstækni og námsaðferðum sem henta honum best hverju sinni.



## Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir í samræmi við viðfangsefni námsþáttarins. Viðmið fyrir eftirfarandi hæfnipætti í skilgreiningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á almennri starfshæfni á 2. þrepi má leggja til grundvallar við námsmat: Skipulag og áætlanir, Mat og lausnir og Starfsþróun og færniefling.

## Sjálfsfelling og samskipti

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	20
<b>Námsgrein</b>	Samskipti
<b>Viðfangsefni</b>	Sjálfsstraust, hópefli, samskipti

### Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að efla færni námsmanna í árangursríkum samskiptum. Einnig er áhersla lögð á mikilvægi góðs liðsanda, samvinnu við lausn vandamála, sköpunargleði og traust. Fjallað er um grunnþætti samskipta svo sem færni í að hlusta, að takast á við álag og bregðast við erfiðum aðstæðum. Fjallað er um leiðir til að stuðla að betra sjálfsstrausti og öruggari framkomu. Í námsþættinum er einnig fjallað um samskipti í hópum og áhrif hópa á einstaklinga. Unnið er með samskipti, hópefli og leikræna tjáningu í þeim tilgangi að skapa góðan starfsanda og stuðla að öflugri liðsheild. Sérstækar áherslur koma fram í námslýsingu fræðsluaðila.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Aðferðum til að byggja upp sjálfsstraust.
- Leiðum til að verjast ágengni og sýna sjálfstyrk.
- Lykilatriðum sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu.
- Undirstöðuatriðum tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning.
- Góðum starfsanda og það sem þarf til að viðhalda honum.
- Samhengi milli sjálfsfellingar og framkomu.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Taka þátt í árangursríkum samskiptum.
- Vinna í hópi með öðrum.
- Hlusta af athygli, lesa í líkamstjáningu og raddblæ.
- Tjá sig í hópi á íslensku og hlusta á aðra.
- Bregðast við vandamálum af ábyrgð og sjálfsöryggi.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nota árangursríkar aðferðir í samstarfi.
- Setja sig í spor annarra og virða ólík sjónarmið.
- Taka virkan þátt í umræðum í samfélaginu og á vinnustað.
- Vera trúr eigin ákvörðunum og virða ákvarðanir annarra.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi góðra samskipta fyrir starfsánægju og árangur í námi og starfi.
- Átta sig á samhengi milli sjálfsstrausts og framkomu.



## Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum, án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun. Viðmið fyrir eftirfarandi hæfnipætti í skilgreiningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á almennri starfshæfni á 2. þrepi má leggja til grundvallar við námsmat: Skipulag og áætlanir, Samvinna, Árangursrík samskipti, Jafnréttisvitund, Aðlögunarhæfni.

## Viðaukar

Viðaukar
Hæfnipættir námsþátta
Færnimappa og / eða verkdagbók
Leiðbeiningar til kennara

## Hæfnipættir námsþátta

Íslenskt mál – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í talmáli og ritmáli.				
Mismunandi tegundum af texta og undirstöðuatriðum í upplestri.				
Algengu myndmáli og líkingamáli.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Lesu stutt hagnýtt efni og tjá sig um það.				
Taka þátt í samræðum, bregðast við og eiga frumkvæði í samskiptum.				
Kynna viðfangsefni, víkja frá undirbúnum texta og svara spurningum.				
Skrifa skýran og skiljanlegan texta.				
Skilja venjulegt talað mál.				
Nota íslenskar málfræðireglur við ritun.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Taka þátt í umræðum um málefni líðandi stundar.				
Nota íslenska tungu á hagnýtan hátt í daglegu lífi.				
Öðlast aukinn orðaforða á íslensku.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Atvinnulíf – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Íslenskum vinnumarkaði.				
Réttindum og skyldum launafólks.				
Uppbyggingu launaseðla og skattskýrslu.				

Ýmsum atvinnutengdum hugtökum.				
Starfsemi stéttarféлага.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Vinna eftir verkferlum og fylgja reglum á vinnustað.				
Fara eftir starfsreglum og siðareglum vinnustaðar.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Tileinka sér skipulögð vinnubrögð og jákvætt viðhorf til starfa.				
Afla sér upplýsinga um launakerfi og kjaramál.				
Aðlagast reglum á íslenskum vinnumarkaði.				
Skilja íslenskt vinnumhverfi og velja hvert á að leita eftir aðstoð vegna vinnumarkaðsmála.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Menning og samfélag – þrep 2				
				1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Þjónustu ríkis og sveitarféлага og helstu stofnunum þess.				
Grunnþáttum íslenskra stjórn mála.				
Skilja samfélagsuppbyggingu og menningu á Íslandi.				
Helstu frídögum, hátíðum og helgidögum á Íslandi og hefðum tengdum þeim.				
Helstu söfnum og á svæðinu.				
Hugtökunum lýðræði og þingræði og hlutverki Alþingis.				
Íslenska menntakerfinu og skólastigum.				
Hugtakinu fjölmening.				
Samfélagslegri ábyrgð og því sem felst í hugtakinu.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Nota grunnþjónustu í samfélaginu eftir því sem við á.				
Eiga samskipti við opinberar stofnanir og vita hvar þær er að finna.				
Taka þátt í menningarstarfi.				
Taka upplýstar ákvarðanir út frá umhverfisvitund.				

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Bera virðingu fyrir umhverfi, náttúru og sérstöðu landsins.				
Geta leitað upplýsinga og aðstoðar vegna grunnþjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga.				
Vera virkur þátttakandi í samfélaginu.				
Vera meðvitaður um samfélagslega ábyrgð með því að meta rök og taka ábyrga afstöðu.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Upplýsingatækni – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Helstu forritum sem notuð eru sem hjálpartæki í námi.				
Upplýsingaleit á íslenskum vefsíðum.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Nota nokkrar algengar aðgerðir forrita.				
Nota íslenskar vefsíður við heimildaleit.				
Nota tölvur sem hjálpartæki við tungumálanám.				
Nota samfélagsmiðla til að styrkja samskipti og tengsl.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Vinna með upplýsingar sem aflað er á íslenskum vefsíðum og samfélagsmiðlum.				
Nota upplýsingatækni til að vinna úr upplýsingum og nota þær við nýjar aðstæður.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Upplýsingatækni – þrep 2	
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Helstu forritum sem notuð eru sem hjálpartæki í námi.				
Upplýsingaleit á íslenskum vefsíðum.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Nota nokkrar algengar aðgerðir forrita.				
Nota íslenskar vefsíður við heimildaleit.				
Nota tölvur sem hjálpartæki við tungumálanám.				
Nota samfélagsmiðla til að styrkja samskipti og tengsl.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Vinna með upplýsingar sem aflað er á íslenskum vefsíðum og samfélagsmiðlum.				
Nota upplýsingatækni til að vinna úr upplýsingum og nota þær við nýjar aðstæður.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Færnimappa og námstækni – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Atriðum sem þarf að hafa í huga við náms- og starfsval á Íslandi.				
Leiðum til að þróa starfsvettvang sinn.				
Möguleikum sem standa honum til boða þar sem hæfni hans nýtist sem best.				
Mikilvægi símenntunar og færniuppbyggingar.				
Mikilvægi góðrar ferilsskrár þegar sótt er um starf eða nám.				
Mismunandi námstækni og námsaðferðum.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Lýsa færni, áhugamálum, menntun og reynslu.				
Safna gögnum um reynslu og færni sem skráð er í færnimöppu.				
Vinna skipulega, setja markmið og meta framvindu.				
Laga sig að aðstæðum sem upp koma í námi og starfi.				
Vinna sjálfstætt eftir skilgreindri námsáætlun og gera nauðsynlegar breytingar ef þess gerist þörf.				

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Tileinka sér skipulögð vinnubrögð.				
Þróa eigin starfshæfni út frá mati á eigin hæfni.				
Bera saman námstækifæri með tilliti til eigin þarfa.				
Beita námstækni og námsaðferðum sem henta honum best hverju sinni.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Sjálfsfelling og samskipti – þrep ?				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Aðferðum til að byggja upp sjálfstraust.				
Leiðum til að verjast ágengni og sýna sjálfstyrk.				
Lykilatriðum sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu.				
Undirstöðuatriðum tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning.				
Góðum starfsanda og það sem þarf til að viðhalda honum.				
Samhengi milli sjálfsefningar og framkomu.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Taka þátt í árangursríkum samskiptum.				
Vinna í hópi með öðrum.				
Hlusta af athygli, lesa í líkamstjáningu og raddblæ.				
Tjá sig í hópi á íslensku og hlusta á aðra.				
Bregðast við vandamálum af ábyrgð og sjálfsöryggi.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Nota árangursríkar aðferðir í samstarfi.				
Setja sig í spor annarra og virða ólík sjónarmið.				
Taka virkan þátt í umræðum í samfélaginu og á vinnustað.				
Vera trúr eigin ákvörðunum og virða ákvarðanir annarra.				
Gera sér grein fyrir mikilvægi góðra samskipta fyrir starfsánægju og árangur í námi og starfi.				
Átta sig á samhengi milli sjálfstrausts og framkomu.				

---

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda





## Færnimappa og / eða verkdagbók

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni að þær upplýsingar sem skráðar hafa verið séu réttar. Ef til vill getur þú fengið yfirmann þinn eða annan umsagnaraðila til að lesa yfir færnimöppuna þína eða verkdagbókina, veita þér endurgjöf og staðfesta upplýsingarnar.

Dagsetning	Staður	Undirskrift þátttakanda

Dagsetning	Staður	Undirskrift umsagnaraðila



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI